

From: Jóhanna Sigurjónsdóttir

Sent: miðvikudagur, 19. nóvember 2025

Subject: Markvissari árangur á sviði umhverfis- og loftslagsmála

Kæri viðtakandi

Fyrr á þessu ári óskaði innviðaráðuneytið í samstarfi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga eftir upplýsingum um aðgerðir sveitarfélaganna í umhverfis- og loftslagsmálum. Beiðnin var sett fram á grundvelli aðgerðar 7 í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2028 en markmið verkefnisins er að kortleggja aðgerðir sveitarfélaganna til að skapa grundvöll fyrir markvissari árangri á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Alls bárust svör frá 37 sveitarfélögum og fyrir hönd hópsins færi ég okkar bestu þakkir fyrir góða svörun.

Meðfylgjandi er samantekt á framangreindri kortlagningu en með henni er þeim hluta verkefnisins eins og honum er lýst í áætluninni lokið. Næstu skref eru frekari gagnaöflun varðandi ákveðin umhverfistengd verkefni og að nýta niðurstöðurnar til að bæta upplýsingagjöf og stuðning til sveitarfélaga, s.s. í gegnum [Verkfærakistu loftslagsvænni sveitarfélaga](#). Jafnframt verður áfram unnið að því að styðja sveitarfélög í því að ráðast í aðgerðir til að tryggja markvissari árangur við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, auka viðnámsþol og aðlaga sveitarfélögin að afleiðingum loftslagsbreytinga. Sem dæmi má nefna aðgerðir í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og væntanlegar aðgerðir í aðlögunaráætlun Íslands.

Þegar hefur verið ráðist í ítarlegri gagnaöflun á grunni þeirra niðurstaðna sem settar eru fram í þessari skýrslu. Samband íslenskra sveitarfélaga framkvæmdi könnun á stöðu sveitarfélaga í loftslagsmálum og [liggja niðurstöðurnar fyrir](#). Kannanir um stöðu sveitarfélaga í úrgangs- og loftslagsmálum verða jafnframt framkvæmdar reglulega á næstu árum til að sífella verði í gagnaöfluninni og hægt verði að sjá breytingar yfir ákveðin tímabil í samræmi við samstarfssamning sem er í gildi milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Ávinningur og framhaldslíf þessa verkefnis liggur því fyrir en þegar er vinna í gangi sem byggir á niðurstöðum kortlagningarinnar. Þá má vænta þess að aðgerðinni verði framhaldið í uppfærðri mynd í endurskoðaðri stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

F.h. hópsins,

Jóhanna



Jóhanna Sigurjónsdóttir
verkefnastjóri / Project Manager

Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála / Department of
Local Government, Digital Infrastructure and Regional Affairs
Innviðaráðuneytið / Ministry of Infrastructure
Sólvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
www.im.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)